

Alþingi

Umhverfis og samgöngunefnd

sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 6. nóvember 2019

Umsögn Tillaga til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar mál 86.

Vakin er athygli umhverfis og samgöngunefndar á ályktun 4. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga,

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 hvetur stjórnvöld landsins til að koma af krafti inn í málaflökk sorps, þannig að tryggja megi td. að flokkun sorps verði allstaðar sú sama á landinu. Vinna þarf markvisst að því að draga úr umfangi sorps og nauðsynlegt er að komist verði út úr þeirri skammtímalausn sem felst í urðun sorps í því gríðarlega magni sem nú er. Nauðsynlegt er að allir landsmenn, jafnt í borg sem í sveit, komi af sömu virðingu fram við umhverfið og leggi sitt að mörkum við að draga úr losun sorps og bæti nýtingu á því hráefni sem sannarlega er vannýtt í sorpi.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, Vestfjarðastofu